

Kjarnaboranir í holum á höfuðborgarsvæðinu

Ómar Bjarki Smáráson

Greinargerð ÓBS-86-01

GREINARGERÐASAFN

KJARNABORANIR Í HOLUM Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Kjarnaborun hefur verið framkvæmd í fjórum holum á Höfuðborgarsvæðinu síðan árið 1969. Hér að neðan er gerð stuttleg grein fyrir kjarnatökunni.

HOLA RV-32, við Dvergshöfða, var boruð árið 1969. Kjarni var tekinn á 848,5 - 849,5 m. Í kjarnatökuna fóru samtals 17 klst, frá því að upptekt hófst og þar til byrjað var að bora aftur. Lengd kjarnans sem upp kom var 1 m.

HOLA RV-35, við Undraland 3, var boruð á árunum 1978 - 1979. Kjarni var tekinn á 1034 - 1039,5 m. Kjarnatakan tók í allt 17 klst. Kjarninn sem upp kom var 4,5 m.

HOLA RV-37, við Kermóafoss, var boruð árið 1981. Kjarni var tekinn á 808,5 - 812,8 m. Fyrir kjarnatökuna var talsvert botnfall í holunni og var boraður sokkur úr 794 - 808,5 m áður en hafist var handa við kjarnaborunina. Kjarninn sem upp kom var 4,3 m. Í kjarnatökuna fóru samtals 42 klst.

HOLA SN-05, við Bygggarð á Seltjarnarnesi, var boruð árið 1981. Kjarnaborun var gerð á 625 - 629 m, en gekk brösuglega. Samtals tók þessi aðgerð 24 klst. Kjarninn sem náðist var 1 m að lengd.